

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar á tillögum að nýju deiliskipulagi.

Háls.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkt þann 13. júní 2013 tillögu að nýju deiliskipulagi við Háls, Grundarfjarðarbæ. Sunnan vegar er gert ráð fyrir tveimur lóðum, á hvorri lóð má reisa íbúðarhús, hesthús og smáhýsi. Norðan vegar er útbúinn byggingarreitur fyrir nýtt íbúðarhús og tvö gripahús. Auk þess er gert ráð fyrir létttri skemmu og frístundahúsi.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 42. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hjarðarból.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkt þann 13. júní 2013 tillögu að nýju deiliskipulagi við Hjarðarból, Grundarfjarðarbæ. Deiliskipulagið tekur til sjö lóða fyrir frístundahús. Ein lóðin er þegar byggð. Hámarksstærð húsanna er 100 m², mesta leyfilega mænishæð er 4,6 m og þakhalli skal vera á bilinu 15-35°.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 42. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 17. júlí 2013.

Sigurbjartur Loftsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 31. júlí 2013